

394.700.00. Björgunarstarf Sæbjargar tók 52 klukkustundir, og var það sérstaklega erfitt að kvöldi hins 30. nóvember 1950. Verður að fallast á það hjá stefnanda, að Sæbjörg og áhöfn hennar hafi verið lögð í nokkra hættu þá um kvöldið, meðan verið var að endurnýja dráttarsambandið milli skipanna. Vátryggingarverð Sæbjargar var kr. 1000.000.00, og rekstrarkostnaður hennar er talinn hafa verið kr. 270.00 á starfsklukkustund árið 1950.

Þegar framangreind atriði eru virt svo og annað það, er máli skiptir, þykja björgunarlaun til stefnanda hæfilega ákveðin kr. 66.000.00, og eru þar með taldar fjárhæðirnar í 3.—5. kröfulið stefnanda. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda fjárhæð þessa með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 7.500.00, og er þar með talinn matskostnaður, kr. 2000.00. Þá viðurkennist sjóveðréttur stefnanda í m/s Ernu, RE 15, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Hjálmari R. Bárðarsyni skipaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Núpur, greiði stefnanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 66.000.00 með 6% ársvöxtum frá 2. desember 1950 til greiðsludags og kr. 7500.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í m/s Ernu, RE 15, til tryggingar fjárhæðum þessum. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. marz 1956.

Nr. 21/1956. **Ákærvaldið** (Ragnar Jónsson)

gegn

Páli Hallgrímssyni (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Páll Hallgrímsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. febrúar 1956.

Ár 1956, fimmtudaginn 9. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 322/1956: Ákærvaldið gegn Páli Hallgrímssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali, út gefnu í dag, er Páll Hallgrímsson sjómaður, Sogabletti 38, nú refsifangi, ákærður fyrir að hafa aðfaranótt 22. eða 23. f. m. brotízt inn í skrifstofu Vélaverzlunar G. J. Fossbergs h/f, Vesturgötu 3, hér í bæ, og tekið þar eina flösku af whisky og eina flösku af spænsku brennivíni og haft á brott með sér. Þykir hann með þessu hafa gerzt sekur um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (þjófnað).

Ákærði ákærist til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga og til greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.

Ákæruskjal þetta er gefið út með heimild í 114. gr. laga nr. 27/1951.

Ákærði, sem fæddur er 22. janúar 1932, hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

1947 1/11 Uppvís að þjófnaði, sendur á upptökuheimili til rannsóknar. Dr. Símon Jóh. Ágústsson gaf skýrslu.

1949 20/11 Uppvís að þjófnaði. Málsókn felld niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins 13/12 1949.

1951 26/1 Rvík. Dómur aukaréttar: 4 mánaða fangelsi, skil-orðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi

fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna. Skaðabætur í sama máli kr. 888.00.

- 28/2 Rvík. Dómur: 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
- 1952 12/1 Rvík. Dómur: 10 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 110. og 244. gr. hegningarlaganna.
- 1953 6/3 Rvík. Dómur: 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaganna.
- 1954 12/1 Rvík. Dómur: 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaganna.
- 29/2 Ve. Kærður fyrir spellvirki. Samþ. að greiða 440 kr. skaðabætur. Saksókn felld niður.
- 15/6 Rvík. Dómur: 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningararrétti og kjörgengi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaganna.
- 1955 3/9 Rvík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir brot á 20. gr. áfengislaganna.
- 12/10 Rvík. Dómur: Fangelsi 4 mánuði, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaganna.

Með játningu ákærða sjálfs, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að aðfaranótt 22. f. m. brautz ákærði inn í skrifstofu Vélaverzlunar G. J. Fossbergs, Vesturgötu 3, hér í bæ. Braut hann rúðu á bakhlið hússins og skreið þar inn. Úr ólæstum skáp í skrifstofunni tók ákærði eina flösku af whisky og eina flösku af spænsku brandy. Annað tók ákærði ekki. Hann fór síðan út sömu leið. Er ákærði var handtekinn hinn 24. janúar, var hann búinn að drekka whiskyð og helmninginn af brennivíninu.

Samkvæmt þessu hefur ákærði framið verknað þann, er hann er ákærður fyrir og varðar við 244. gr. hegningarlaga. Er refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Hann hefur samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga unnið til sviptingar kosningarréttar og kjörgengis til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Bjarni Jónsson, forstjóri nefndrar verzlunar, krefst bóta, að upphæð 390 kr., þ. e. andvirðis áfengisins, 340 kr., og 50 kr. fyrir rúðu í stað þeirrar, er brotin var. Þessa kröfu ber að taka til greina. Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Hallgrímsson, sæti fangelsi 6 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Bjarna Jónssyni kr. 390.00.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. marz 1956.

Nr. 22/1956. **Ákærvaldið**

(Ragnar Jónsson)

gegn

Sigurði Arnbjörnssyni

(Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Arnbjörnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.